

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald.

**1. gr.**

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárn. Vöruheiti

úr 21.07

Efni sem falla undir tnr. 21.07.01, 21.07.12 og 21.07.19, þó ekki grænmetisafi, og tilreidd eru til framleiðslu á drykkjarvörum sem teljast til nr. 22.02, t. d. með blöndun vatns.

22.01.01

Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.

22.02.01

Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisafi er telst til nr. 20.07.

og 22.02.09

22.03.01

Öl gert úr malti.

og 22.03.09

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, sbr. lög nr. 12 30. apríl 1981 um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, öðast gildi frá og með 1. maí 1981. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 141 20. mars 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1981.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

Nr. 235.

6. maí 1981.

**AUGLÝSING**

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 105 frá 8. maí 1981, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1981.*

F. h. r.

**Þórhallur Ásgeirsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*